

Tillaga
Afgreiðsla

B 348/PRE
Forsætisnefnd

Nefndarálit um ráðherranefndartillögu um fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2025 (B 348/PRE)

Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að samþykkja ráðherranefndartillögu um fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2025.
- að MR-SAM samþykki og fylgi eftir eftirfarandi samkomulagi um fjárhagsáætlun:

Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð eru þar að auki sammála um að í frekari umræðum um vinnuáætlanirnar skuli lögð sérstök áhersla á eftirfarandi aðgerðarsvið á tímabilinu 2025-2027:

- Aðlögunarmál og frjáls för:** Vinna að aðlögunarmálum og frjálsri för á milli landanna verði eflað með auknum tilföngum til vinnunnar gegn stjórnsýsluhindrunum, upplýsingamiðlun og fjölda verkefna sem auðvelda frjálsa för.
- Stuðningur við stofnanir borgarasamfélagsins:** Frá árinu 2025 verði fjármagnsstuðningur enn aukinn með nýjum fjárhagsliðum sem stofnanir sem hafa það að höfuðstarfi að sinna norrænni samvinnu geti sótt um fjármagn úr fyrir þrjú ár í senn. Einnig verður möguleiki á hverju ári að sækja um fjármagn til verkefna tengdum norrænum málefnum.
- Börn og ungmenni:** Frá árinu 2025 munu aðgerðir einkum beinast að lýðræðisþátttöku ungmenna og vinnunni gegn vanlíðan og geðsjúkómum.
- Samstarfið í mennta- og menningarmálum:** Norrænt mennta- og menningarsamstarf verði eftt með áherslu á þróun lýðræðislegs norræns samstarfs.
- Aukinn viðnámsþróttur í norrænu löndunum:** Aukið þverfaglegt samstarf um samfélagsöryggi, þ.m.t. almannavarnir og viðnámsþrótt.



Norræna ráðherranefndin skuldbindur sig til að fylgja vinnunni eftir og gefa Norðurlandaráði reglulegar skýrslur um þróun átaksverkefna. Í tengslum við þetta mun Norræna ráðherranefndin leggja sérstaka áherslu á að tryggja skýrt og gagnsætt upplýsingastarf.

Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð viðurkenna að til er fjöldi stofnanna innan borgarasamfélagsins sem hafa norrænan fókus, þar á meðal Norrænu félögin sem gegna mikilvægu hlutverki í hinu norræna samstarfi. Í nýju fjármögnunarformi Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir stofnanir borgarasamfélagsins felst að frá árinu 2025 verður umsóknum háttáð á annan hátt en fyrri ár.

Norræna ráðherranefndin flýttir ferlinu fyrir nýja fjármagnsliðinn þannig að stofnanir sem sækja um munu fá skilaboð um mögulegan stuðning eins fljótt og unnt er. Einnig mun fjármagnsliðurinn um rekstraraðstoð eftir fyrsta umsóknarferlið haustið 2024 verða endurskoðaður. Niðurstöðurnar verða kynntar MR-SAM og Norðurlandaráði með það að markmiði að skapa grundvöll fyrir áframhaldandi samtal um málaflokkinn.

Norðurlandaráð telur að Norrænu félögin og starfsemi þeirra skipti miklu máli og séu mikilvægur hluti norræns samstarfs og að tryggja þurfi þeim stuðning til grunnsstarfsemi og viðeigandi verkefnastyrki til framtíðar.

Norðurlandaráð hefur í mörg ár beðið norrænu ríkisstjórnirnar um að koma á Norrænni ráðherranefnd um samgöngumál. Norðurlandaráð bendir á að stofnun Norrænnar ráðherranefndar um samgöngumál hafi aldrei verið mikilvægari en nú.

Samtali Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs um aukið norrænt samstarf á sviði samgöngumála mun haldið áfram á grundvelli þeirrar greiningar sem kynnt var á vordögum 2024.

Norðurlandaráð mun reglulega fá upplýsingar um hvernig ríkisstjórnir Norðurlanda vinna að því að styrkja samstarf sitt í samgöngumálum.

Að lokum er samkomulag um að núverandi og komandi formenskulönd í Norrænu ráðherranefndinni fundi með núverandi og næsta formenskulandi í Norðurlandaráði í lok árs 2024 til að upplýsa um verkefni í gangi og ræða samstarfið á komandi ári.



Bakgrunnsupplýsingar

Í 64. gr. Helsingforssamningsins kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Ráðherranefnd Norðurlanda ber að leggja fyrir Norðurlandaráð til umsagnar tillögu sína að fjárhagsáætlun. Norðurlandaráð getur lagt til breytta forgangsröðun verkefna innan þeirra fjárhagsmarka sem ráðherranefndin hefur sett. Sé ekki hægt að tilgreina sérstakar ástæður ber ráðherranefndinni að fara að tillögum ráðsins þegar um er að ræða fjárveitingar innan gefinna fjárhagsmarka.“

Samstarf Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar um samstarfsáætlanir fyrir 2025–2027 hefur verið gott. Það hefur reynst vel til þess að auka stuðning við norrænt samstarf til framtíðar á meðal ráðherra og þingmanna. Framkvæmdaáætlanir Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árin 2021–2024 voru að miklu leyti gerðar án aðkomu Norðurlandaráðs og fyrir vikið hafa norrænir þingmenn á undanförunum árum ekki talið sig eiga nægilega mikið í þeim og ekki verið hlynntir mörgum af þeim breytingum sem gerðar voru á þessum árum. Þetta hefur nú breyst.

Á þingfundi á þemaþingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í mars 2023 ræddu Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin fyrstu hugmyndir að innleggjum í samstarfsáætlanir Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árin 2025–2027. Í kjölfarið fjölluðu fagnefndirnar og forsætisnefndin um tillögur að skriflegum innleggjum á sumarfundum sínum í júní, sem samþykktar voru í september 2023 og sendar voru sem sameiginlegt skriflegt innlegg til Norrænu ráðherranefndarinnar.

Í desember 2023 hittust núverandi og næsta forysta Norrænu ráðherranefndarinnar og núverandi og næsta forysta Norðurlandaráðs til þess að ræða fjárhagsáætlun og samstarf.

Í febrúar 2024 samþykkti MR-SAM fjárhagsramma fyrir 2025 og leiðbeinandi ramma fyrir árin 2026–2027 ásamt drögum að samstarfsáætlunum. Þessi gögn voru meðal annars send til Norðurlandaráðs.

Á þemaþingi Norðurlandaráð í Færeyjum í apríl 2024 ræddu allar fagnefndir auk forsætisnefndar drög Norrænu ráðherranefndarinnar að samstarfsáætlun og fjárhagsrömmum næstu ára. Umræðunum var fylgt eftir með skriflegu minnisblaði þar sem sjónarmiðum Norðurlandaráðs varðandi samstarfsáætlanirnar var lýst. Minnisblaðið var sent til Norrænu ráðherranefndarinnar.

Karen Ellemann, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar, kynnti tillögu sína að fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar fyrir árið 2025 fyrir forsætisnefnd á sumarfundi



nefndarinnar þann 25. júní. Meðal annars gerði hún grein fyrir því hvernig tekið var tillit til innleggja og tillagna Norðurlandaráðs.

Á sumarfundum sínum fjölluðu fagnefndirnar jafnframt um tillöguna að fjárhagsáætlun með hliðsjón af málefnasviðum sínum. Flokkahópar Norðurlandaráðs ræddu tillöguna jafnframt á sumarfundum sínum. Eftir það voru innlegg frá öllum fagnefndum, flokkahópum og forsætisnefndinni lögð til grundvallar við fund forystu Norðurlandaráðs og formanns Norrænu ráðherranefndarinnar um fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2025.

Hinn 16 ágúst hittust Oddný Harðardóttir, varaforseti Norðurlandaráðs, og Jessika Roswall samstarfsráðherra á fyrsta samningafundi varðandi fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2025.

Þann 11. september samþykkti MR-SAM tillögu framkvæmdastjórans að fjárhagsáætlun sem þá varð að ráðherranefndartillögu. Á sama tíma samþykkti MR-SAM drög að samningstexta sem unnin voru eftir fundinn 16. ágúst. Þann 17. september samþykkti forsætisnefndin samningstextann.

Sjónarmið forsætisnefndar

Forsætisnefndin kann vel að meta að Norðurlandaráð hafi strax frá byrjun fengið að koma að vinnunni að fjárhagsrömmum og samstarfsáætlunum fyrir árin 2025–2027 og að innlegg Norðurlandaráðs endurspeglar að miklu leyti í samstarfsáætlunum og fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun 2025 er sú fyrsta á nýju tímabili og það er ánægjuefni að Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin hafi náð saman um samningstexta um fjárhagsáætlunina og að samkomulag sé um það á hvaða málefnasvið eigi að leggja áherslu í norrænu samstarfi á árinu 2025.

Forsætisnefndin vill undirstrika að norrænu félögin og starfsemi þeirra séu grundvallaratriði og mjög mikilvægur liður í norrænu samstarfi sem nauðsynlegt sé að tryggja stuðning við í framtíðinni.

Þess vegna leggur forsætisnefndin áherslu á að nú þegar við tökum upp nýja leið til þess að fjármagna margs konar lykilstarfsemi á Norðurlöndum, svo sem norrænu félögin og landamærnefndirnar, sé mikilvægt að fram fari mat þegar fyrsta úthlutunin hefur átt sér stað. Um þetta eru aðilar jafnframt sammála samkvæmt samkomulagi um fjárhagsáætlunina. Þetta er til þess að tryggja að þessir lykilþættir í norrænu samstarfi geti haldið áfram starfsemi sinni í framtíðinni.



Eins og kunnugt er hefur Norðurlandaráð í mörg ár óskað eftir því við norrænu ríkisstjórnirnar að komið verði á fót norrænni ráðherranefnd um samgöngumál. Forsætisnefndin bendir á að brýnna sé nú en nokkru sinni að stofna norræna ráðherranefnd um samgöngumál og að samráð á milli Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs um nánara norrænt samstarf á sviði samgöngumála muni halda áfram.

Forsætisnefndin vill jafnframt fá upplýsingar um það jafnóðum hvernig norrænu ríkisstjórnirnar vinni að því að efla norrænt samstarf á sviði samgöngumála, í samræmi við það sem aðilar hafa komið sér saman um í samkomulagi um fjárhagsáætlunina.

Norðurlandaráð lítur björtum augum til komandi starfstímabils og vonast eftir jafn góðu samstarfi varðandi fjárhagsáætlunina framvegis og að báðir aðilar geti unnið saman að markmiðum Framtíðarsýnar okkar 2030.

Norðurlöndum, 7. október 2024

Henrik Møller
Kathy Lie
Maria Stockhaus
Helge Orten
Jorodd Asphjell
Hanna Katrin Fridriksson
Kim Berg

Oddný G. Hardardóttir
Heléne Bjørklund
Juho Eerola
Heidi Greni
Lorena Delgado Varas
Anna Starbrink
Jouni Ovaska